



Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/430
komudagur 26.11.2007

Reykjavík, 23. nóvember 2007

Tilvísun: 200711-0006

Efni: Umsögn um tillögu tii þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, 16. mál

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, 16. mál.

Í tillögunni er í meginatriðum lagt til að gerð verði athugun á því hvort og á hvaða sviðum fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga eru í samkeppni gagnvart einkaaðilum.

Það er skoðun Alþýðusambands Íslands að mikilvægt sé að tryggja ákveðna fjölbreytni í rekstrarformum samfélagsþjónustu, m.a. til að hægt sé að bregðast sem best við síbreytilegum aðstæðum í samfélaginu, svo sem eins og vegna tækniframfara, breytinga á aldursamsetningu íbúa o.s.frv. Það er þó staðföst stefna sambandsins að fjölbreytni megi ekki leiða til lakari gæða þjónustu eða aukinnar stéttaskiptingar. Mikilvægt er að tryggja, með opinberum stöðlum og eftirliti, að gæði þjónustu verði ávallt fullnægjandi og að allir hafi jafnan aðgang að henni óháð efnahag og félagslegri stöðu.

Í mörgum tilfellum hlýtur þessi krafa að þýða að óraunhæft sé að ætla að einkarekstur geti alfarið tekið yfir samfélagsþjónustu á tilteknu sviði. Jafnvel þó að einkarekstri hafi verið komið á fót kallar það ekki sjálfkrafa á það að ríkið dragi sig út úr samsvarandi rekstri. Á hinn bóginn er hægt að benda á ýmis velheppnuð dæmi um þátttöku einkarekinna stofnana, á vegum félagasamtaka og almannaheillafyrirtækja, í umönnun eldra fólks, barna, endurhæfingu og áfengis- og vímuefnaeðferð.

Í þessu ljósi tekur Alþýðusambandið undir þá tillögu sem hér er til umsagnar en leggur jafnframt áherslu á að samhliða fari fram ítarleg athugun á reynslunni sem þegar hefur fengist af einkarekstrarformi ýmissa viðfangsefna ríkis og sveitarfélaga hér á landi.

F. h. Alþýðusambands Íslands,

Stefán Úlfarsson
Hagdeild ASÍ